

Fjölskylduráð Hafnarfjarðarkaupstaðar

Hafnarfirði, 06.05.2020

1711264 RE

Efni: Heimili í sveit - samstarfssamningur Andrastaða hses og sveitarfélaganna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar.

Aðdragandi verkefnisins er að Ásgarður – handverkstæði hafði unnið að því að koma á fót heimili fyrir ungt fólk sem á við fjölþættan vanda að stríða svo sem þroskaskerðingu, hegðunarvanda, einhverfu og skyldar raskanir, fíknivanda eða eiga af örðum ástæðum erfitt með að fóta sig í samfélaginu. Miðað var við koma á fót heimili þar sem 6-7 einstaklingar búi í sjálfstæðum íbúðum og að heimilið sé utan þéttbýlis, en þó í nálægð við það, m.ö.o. úr alfaraleið en stutt í alla þjónustu.

Samstarfshópur framkvæmdastjóra á höfuðborgarsvæðinu hafði ítrekað fjallað um þessa hugmynd og var samstaða um að rík þörf væri fyrir heimili af þessu tagi. Óskað var eftir þremur rýmum af hálfu Reykjavíkurborgar, tveimur frá Hafnarfirði og tveimur frá Mosfellsbæ.

Óskað var eftir umsögn hjá Ráðgjafarráði fatlaðs fólks sem veitti jákvæða umsögn.

Á fundi sínum þann 14. sept. 2018 bókaði fjölskylduráð eftirfarandi: *”Fjölskylduráð samþykkir samvinnu við sjálfseignarstofnunina Ásgarð/Emla. Um er að ræða samning um rekstur á heimili fyrir einstaklinga með þroskaskerðingu sem eiga við fjölþættan vanda að stríða. Með samningi við Ásgarð/Emblu fær Hafnarfjarðarbær pláss fyrir tvo einstaklinga.”*

Bæjarstjóri undirritaði samning sem dagsettur er 10. desember 2018 þar sem Hafnarfjarðarkaupstaður og EMBLA gera með sér samning um greiðslu staðfestingargjalds fyrir væntanlega búsetu einstaklinga á *Heimili í sveit*. Staðfestingargjaldið var 500.000.-kr. á hvern einstakling.

Á fundi fjölskylduráðs þann 8.apríl s.l. voru lögð fram drög að samningi fyrrgreindra sveitarfélaga og óstofnaðrar sjálfseignarstofnunar, Andrastaða hses þess efnis að Andrastaðir muni byggja og reka íbúðakjarna ásamt þjónusturými fyrir fatlað fólk *Heimili í sveit*, sjá nánar meðfylgjandi skilgreiningu á þjónustu Andrastaða *Heimili í sveit*. Ráðið bókaði: *”Lagt fram. Fjölskylduráð tekur vel í verkefnið og felur sviðsstjóra að vinna það áfram og undirrita samning með fyrirvara um samþykki og staðfestingu ráðsins.”*

Gert er ráð fyrir að stærð byggingarinnar verði 653 fermetrar, fjöldi íbúða verði 7 og byggingarkostnaður verði tæpar 250 milljónir króna. Leiguverð á hvern íbúa verði 105.000.-



kr. á mánuði og leiguverð Hafnarfjarðar vegna starfsmanna- og sameiginlegs rýmis 85.714.-kr. á mánuði. Um alútboð verður að ræða og er stefnt að því að framkvæmdum verði lokið um mitt ár 2022.

Fyrir liggur að sækja um stofnframlag til uppbyggingar heimilisins til Reykjavíkurborgar og í framhaldi af því til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Til þess að það sé unnt þarf að liggja fyrir undirritað samkomulag sveitarfélaganna sem að starfseminni standa.

Lagt er að fjölskylduráð að samþykki og staðfesti fyrirbyggjandi samning og vísi honum til samþykktar í bæjarstjórn.

Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs